

Nd. 617. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 11. gr. Á eftir 1. málsg. komi 2 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Skylt skal þó ríkisskattstjóra að láta árlega fara fram ýtarlega rannsókn á 5% af framtölum þeirra aðila, sem hafa einhverja tegund rekstrar með höndum og bókhaldsskyldir eru, og á 2% af öðrum framtölum. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti eftir reglum, sem Hagstofa Íslands setur, og skal hún hafa útdráttinn með höndum.

Framtöl þeirra aðila, sem þannig eru valin með útdrætti, skulu athuguð gaumgæfilega, bókhald þeirra rannsakað og upplýsinga leitað um allt, sem gefið getur vitneskju um sannleiksgildi framtalanna fyrir viðkomandi ár og framtala næstu 5 ár á undan, ef þurfa þykir.